

Byggðarráð Skagafjarðar - 919

Til : Fjallabyggð
Frá : Kristín Jónsdóttir <kristin@skagafjordur.is>
Heiti : Byggðarráð Skagafjarðar - 919
Málsnúmer : 2007002
Málsaðili : Sveitarfélagið Skagafjörður
Skráð dags : 30.06.2020 11:14:33
Höfundur : Kristín Jónsdóttir <kristin@skagafjordur.is>
Viðhengi image001.jpgimage001.jpg

Góðan daginn

Á 919. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 16. júní 2020 var eftirfarandi bókað.

2006132 - Opinber störf á landsbyggðinni

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar fagnar ákvörðun félags- og barnamálaráðherra um fjölgun starfa hjá brunamálasviði Húsnaðis- og mannvirkjastofnunar á Sauðárkróki. Slíkt er í anda stjórnarsáttmála ríkistjórnar Katrínar Jakobsdóttur um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni og kemur jafnframt fram í ríkistjórnarsamþykkt þar um.

Fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni er landsbyggðarsveitarfélögum þýðingarmikið og mikilvægur þáttur í að efla atvinnu og auka fjölbreytileika atvinnulífs hjá fjölmörgum sveitarfélögum landsbyggðarinnar. Sveitarfélög landsbyggðarinnar eru misjöfn að stærð og gerð en eiga það öll sammerkt að fjölgun opinberra starfa eykur samkeppnisfærni þeirra og skapar þeim tækifæri til vaxtar og framþróunar.

Byggðarráð hvetur stjórnvöld til áframhaldandi góðra verka er kemur að fjölgun opinberra starfa hjá landsbyggðarsveitarfélögum og skorar á önnur sveitarfélög að taka undir áskorun byggðarráðs um eflingu og fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni.

F.h. byggðarráðs

Kristín



Sveitarfélagið Skagafjörður

Kristín Jónsdóttir

Skjalastjóri

455 6009

kristin@skagafjordur.is